Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1336
komudagur 14.2.2011

**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

Dagsetning
*11. febrúar 2011*

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, mál 403.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur markmið sem stefnt er að æskileg og að fylgja þurfi þeim eftir með viðeigandi aðgerðum. Vægi samgangna í notkun jarðefnaeldsneytis er verulegt og því eðlilegt að leitað sé leiða á þeim vettvangi. Íslendingar munu þurfa að fylgja alþjóðlegri þróun sem verður í samgöngutækni og eiga að hafa sérstaka möguleika og geta verið í forystu ef lausnir verða að nota rafmagn í stað jarðefnaeldsneytis.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Ártorgi 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 5499 **Netfang** gg@byggdastofnun.is **Heimasíða** http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkróki